



Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

19. apríl 2017
Tilvísun: 2017010313

Efni: Dreifibréf til fjármálafyrirtækja vegna væntanlegra laga um skortsölu fjármálagerninga og tiltekna þætti skuldatrygginga

Fjármálaeftirlitið vill benda á að frumvarp um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga hefur verið lagt fram á Alþingi. Með framlagningu frumvarpsins er stefnt á að reglugerð¹ Evrópusambandsins um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga nr. 236/2012 verði innleidd í íslensk lög. Samkvæmt frumvarpinu munu lögin taka gildi 1. júlí nk.

Helstu upplýsingar um skortsölureglugerðina má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins undir flípanum „Eftirlitsstarfsemi/skortsölureglugerðin“². Fjármálaeftirlitið vill engu að síður vekja sérstaka athygli á eftirfarandi atriðum:

- Nettó skortstöður þarf að tilkynna á sérstöku eyðublaði á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Nauðsynlegt verður að nýskrá sig inn í kerfið á heimasíðunni áður en hægt verður að senda tilkynningar. Nýskráning getur ekki farið fram fyrr en 29. júní nk.
- Skortstaða er skilgreind með víðtækum hætti samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar. Hægt er að ná skortstöðu með skortsölu³ eða gerð samnings þar sem hagnast er á lækkun á virði undirliggjandi hlutabréfs eða skuldagernings. Hægt er að vera með skortstöðu án þess að fjármálagerningur skipti um hendur. Nefna má sem dæmi skortstöðu vegna valréttarsamnings, framvirks samnings, CFD afleiðusamnings o.fl.
- Nettó skortstaða vegna hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi þarf að ná 0,2% af útgefnu hlutafé til að tilkynningarskylda myndist. Til viðbótar því þarf að senda tilkynningu í hvert skipti sem nettó skortstaða eykst um 0,1% umfram fyrrgreind mörk. Einnig þarf að senda tilkynningar þegar farið er undir framangreind mörk. Staða sem nær 0,5% af útgefnu hlutafé er birt opinberlega á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

¹ Regulation No 236/2012 of the European Parliament and of the Council of 14 March 2012 on short selling and certain aspects of credit default swaps.

² <https://www.fme.is/eftirlitsstarfsemi/skortsolureglugerdin/>

³ Skilgreiningu á skortsölu má finna í b-lið 1. mgr. 2. gr. skortsölureglugerðarinnar.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- Nettó skortstaða vegna ríkisskuldagerninga þarf að ná 0,1% af útgefnum skuldum íslenska ríkisins til að tilkynningarskylda myndist miðað við núverandi skuldastöðu. Einnig þarf að senda tilkynningu í hvert sinn sem skortstaða eykst um 0,05% umfram fyrrgreind mörk. Miða skal við heildarfjárhæð útgefinna skulda ríkisins þegar metið er hvort nettó skortstaða nái mörkunum en ekki fjárhæð tiltekins flokks ríkisskulda. ESMA birtir ársfjórðungslega þá fjárhæð sem miða skal við á heimasíðu sinni⁴.
- Takmarkanir eru á óvarinni skortsölu. Þegar aðili skortselur hlutabréf eða ríkisskuldagerninga þá skal hann hafa til reiðu, eða vera búinn að grípa til viðeigandi ráðstafana sem tryggja að hann muni hafa til reiðu, fjármálagerningana á umsömdum uppgjörstigi viðskiptanna.


Fjármálaeftirlitið hvetur fjármálafyrirtæki til að upplýsa þá viðskiptavini sem taka skortstöður/skortselja um skyldur reglugerðarinnar s.s. tilkynningarskylduna. Nánari upplýsingar um skortsölureglugerðina má finna á heimasíðu ESMA. Markaðsaðilar eru hvattir til að kynna sér skjölin sem þar er finna áður en haft er samband við Fjármálaeftirlitið en í þeim er að finna svör við fjölmörgum spurningum er varða túlkun reglugerðarinnar.

Allar fyrirspurnir varðandi skortsölureglugerðina skal senda á netfangið skortsala@fme.is

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Páll Friðriksson


Greipur P. Júlíusson

⁴ <https://www.esma.europa.eu/regulation/trading/short-selling>